# Deilistofnar og þjóðaréttur

## –Núverandi staða og framtíðarsýn

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Helgi Áss Grétarsson

Dósent við lagadeild Háskóla Íslands

Sjávarútvegsráðstefnan 2013, Grand Hótel Reykjavík, 21.–22. nóvember

# Hafréttarsamningur SÞ

| HAFSVÆÐI | TEGUND NYTJASTOFNA | RÉTTARSTAÐA |
|---|---|---|
| **Landhelgi og Efnahagslögsaga** | Staðbundnir | **Fullveldisréttindi strandríkja (56., 61., 62., 69. og 70 gr.)** |
| **Efnahagslögsaga tveggja eða fleiri aðlægra strandríkja** | Sameiginlegir nytjastofnar (e. shared stocks) | **Strandríkjum skylt að reyna ná samkomulagi (e. shall seek) um stjórn veiða (1. mgr. 63. gr.)** |
| **Efnahagslögsaga og úthaf** | Deilistofnar (e. straddling stocks) | **Ríkjum sem hagsmuna hafa að gæta er skylt að reyna ná samkomulagi (e. shall seek/shall enter into negotiations) um stjórn veiða (2. mgr. 63. gr. og 118. gr.)** |
| **Úthaf** | Úthafsveiðistofnar | **Frelsi til veiða og takmarkanir á því (87. gr. og 115.-119. gr.)** |

# Úthafsveiðisamningur SÞ

- Gildissvið – hafsvæði og nytjastofnar.
- Umhverfisréttur – varúðarnálgun, sjálfbær nýting o.s.frv.
- Raunverulegir veiðihagsmunir – útilokunarregla?
- Skipting heildarafla – vísindaleg rök, dreifing stofns, reynsla af stjórn veiða, efnahagsleg- og félagsleg rök.
- Stofnanir – svæðisbundnar veiðistjórnarstofnanir og samvinna ríkja sem hafa raunverulega veiðihagsmuni.
- Framkvæmdavald = fátækleg lagaleg úrræði – viðskiptaþvinganir, takmarkanir á löndun afla, pólitískur þrýstingur o.s.frv.

# Framtíðin

- Er raunhæft að breyta regluverkinu til að tryggja betur en ella samvinnu veiðiríkja og viðunandi vernd deilistofna?
- Sömu meginreglur gilda líklegast áfram.
- Ef breytingar verða, er væntanlega óhjákvæmilegt að ríki færi meira vald til sameiginlegra stofnana, t.d. til dómstóls sem hefði afmarkað valdsvið til að skera úr um deilumál.
- Einnig kæmi til greina að setja skýrari reglur um skiptingu heildarafla – vægi sjónarmiða ákveðið fyrir fram.
- Aðrar lausnir – umræða.

# Niðurstaða

- Á undanförnum tveim áratugum hefur ýmislegt færst til betri vegar við stjórn veiða á deilistofnum, a.m.k. í N-Atlantshafi (sem dæmi hafa aflareglur studdar bestri vísindalegri þekkingu á hverjum tíma orðið algengari við ákvörðun leyfilegs heildarafla)
- Framkvæmdavaldið er enn veikt – freisting strandríkja að fara eigin leið eða útiloka hagsmuni nýrra strandríkja.
- Ef bæta á regluverkið þurfa strandríki væntanlega að framselja enn meira vald til alþjóðastofnana (sameiginleg viðfangsefni krefjast sameiginlegra lausna).